

Inngangur

Áfallaáætlun Leikskólans Lækjarbrekku og Grunn- og tónskólans á Hólmavík er virkjuð og eftir henni starfað þegar á þarf að halda. Þessi áfallaáætlun gerir grein fyrir: Hverjir bera ábyrgð á og starfa í áfallaráði Leikskólans Lækjarbrekku og Grunn- og tónskólans á Hólmavík. Fram kemur hvernig upplýsingagjöf er háttað innan skólans og til almennings ef slys eða önnur áföll bera að höndum, hvernig gátlisti aðgerðaráætlunar er virkjaður og hvernig honum er fylgt eftir innan skólans, einnig hvernig áætlunin er yfirfarin og endurskoðuð. Áætluninni fylgja gátlistar fyrir aðgerðir.

Áfallaráð skólans, hlutverk og stjórnun þess

Áfallaráð Leikskólans Lækjarbrekku og Grunn- og tónskólans á Hólmavík skipa skólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og umsjónarmaður sérkennslu. Þeir bera ábyrgð á að kalla saman áfallaráð auk þess að stjórna aðgerðum og verkferlum. Auk þess er heimilt að kalla annað starfsfólk til starfa í áfallaráði. Skólastjóri eða staðgengill er í forsvari fyrir áfallaráð. Verði áfall innan skólasamfélagsins kallar skólastjóri áfallaráðið saman og viðbrögð skólans eru skipulögð. Ráðinu er heimilt að kalla annað starfsfólk til aðstoðar og samstarfs og leita aðstoðar sálægslaðila svo sem heilsugæslu og sóknarprests.

Hlutverk ráðsins felst í að móta vinnureglur um hvernig skuli brugðist við áföllum, yfirfara vinnureglur á skipulagsdögum að vori, kynna áfallaáætlun fyrir starfsfólki á skipulagsdögum að hausti. Áfallaráð leiðbeinir starfsfólki og vísar á efni sem fjallar um áföll og úrvinnslu, sorg og sorgarviðbrögð. Áfallaráð er bundið trúnaði um öll mál.

Áfallaráð sameinaðs leik- og grunnskóla á Hólmavík skipa: Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir skólastjóri, Ingibjörg Alma Benjamínsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og Hrafnhildur Þorsteinsdóttir umsjónarmaður sérkennslu.

Aðgerðaráætlun

Fyrstu viðbrögð:

- Starfsmaður sem fær upplýsingar um slys/áfall kemur þeim upplýsingum til skólastjóra.
- Skólastjóri fær staðfestingu á að upplýsingar séu réttar og kallar áfallaráð til fundar.
- Áfallaráð virkjar aðgerðaráætlun og hefur upplýsingagjöf

Upplýsingagjöf

Hvaða upplýsingar á að veita?

Áfallaráð fundar um áfall eftir að það hefur verið staðfest og í kjölfar þess hefst vinna við fyrstu upplýsingagjöf vegna þess. Skólastjóri hefur samband við fjölskyldu hins slasaða og ræðir óskir fjölskyldu varðandi upplýsingar. Skólastjóri hefur samband við fjölskyldu hins látna og vottar samúð fyrir hönd skólans og ræðir óskir fjölskyldu varðandi upplýsingar. Mikilvægt er að huga

vel að því hverju viðkomandi fjölskylda óskar eftir í þessu ferli og virða það. Athugað er hvort viðkomandi á náinn ættingja, nemanda eða starfsmann innan skólans sem þarf að fá fregnina sérstaklega. Áfallaráð hefur samband við sálgæsluaðila, hjúkrunarfræðing og/eða sóknarprest, sé þess óskað, og samstarf er skipulagt. Huga þarf að eftirfarandi atriðum:

- Hvernig á að haga næsta skóladegi.
- Hvernig getur skólinn minnst hins látna ef um andlát er að ræða.
- Hvernig best er að sinna bekkjarsystkinum.
- Hvort og hvert á að leita utanaðkomandi aðstoðar fyrir nemendur og starfsfólk.
- Ef um dauðsfall er að ræða, hvernig getur skólasamfélagið stutt fjölskyldu hins látna.

Hvernig á að veita upplýsingar?

Til nemenda

- Skólastjóri tilkynnir um málið við upphaf skóladags sé það ákveðið. Umsjónarkennari tilkynnir um málið í sínum bekk þegar allar upplýsingar eru komnar fram, sé það ákveðið. Treysti hann sér ekki að greina frá atburðinum einn, getur hann farið fram á að fulltrúi áfallaráðs, annar starfsmaður eða sálgæsluaðili sé með honum. Mikilvægt er að fylgjast vel með líðan nemenda í kjölfar slíkra upplýsinga. Óski nemandi eftir stuðningi foreldra er haft samband við þá.

Til foreldra

- Áfallaráð hefur samband við foreldra og forráðamenn nemenda og tilkynnir um málið símleiðis eða með tölvupósti eftir atvikum. Hafi slys/andlát átt sér stað á skólatíma er mikilvægt að nemendur fari ekki heim án þess að foreldrar hafi fengið upplýsingar. Ef um andlát er að ræða skal eftirfarandi koma fram í bréfi til forsjáraðila: Hver hinn látni er og hvenær dauðsfallið átti sér stað. Örfá orð um algengustu viðbrögð barna við sorg og missi. Upplýsingar um hvernig skólinn hyggst bregðast við. Beiðni um að efni bréfsins fari ekki á samfélagsmiðla. Einnig skal senda sms um að mikilvægur póstur hafi farið frá skólanum til að tryggja að hann verði lesinn sem fyrst.

Til starfsfólks

- Áfallaráð hefur samband við alla starfsmenn skólans ef áfall verður utan skólatíma. Boðaður er fundur áfallaráðs. Áfallaráð hefur símleiðis samband við þá starfsmenn sem eru frá vinnu og lætur þá vita af atburðinum. Ef áfallið verður á skólatíma er starfsfólki skólans tilkynnt um málið í næsta hléi og þeir upplýstir um viðbrögð og ferli.

Til almennings/fjölmíðla

- Sýni almenningur eða fjölmíðlar áhuga á málinu skal vísa á skólastjóra. Enginn annar svarar fyrirspurnum fjölmíðla.

Áætlun þessi tekur til eftirfarandi áfalla:

- Minniháttar slys nemenda á skólatíma.
- Langvinnir sjúkdómar og veikindi nemenda/aðstandenda/starfsmanna
- Alvarleg slys nemenda/ forráðamanna /starfsmanna utan skólatíma.
- Alvarleg slys nemenda/starfsmanna skóla á skólatíma.
- Andlát nemanda/starfsmanns/aðstandenda nemanda.
- Náttúruhamfarir og stórslys.

Minniháttar slys á skólatíma

- Huga að barninu og veita fyrstu hjálp.
- Hringja í foreldri sé þess þörf og það beðið um að sækja barnið og meta hvort þörf sé á lækniástoð.
- Náist ekki strax í foreldri, fer starfsmaður með barnið á heilsugæslustöð og bíður þar til foreldri kemur.
- Skrá á atvikaskráningarblað og senda afrit til foreldra.

Langvinnir sjúkdómar og alvarleg slys nemenda/aðstandenda/starfsmanna utan skólatíma

- Skólustjóri greinir starfsfólki og nemendum frá því ef einhver úr þeirra hópi þarf að vera langdvölum frá skóla/starfi vegna slyss eða alvarlegra veikinda.
- Skólustjóri greinir viðkomandi bekk og starfsmönnum skólans frá því ef alvarleg veikindi koma upp í fjölskyldu nemanda eða hann hefur orðið fyrir slysi. Haft er samráð við viðkomandi fjölskyldu um upplýsingar.
- Leitað sé leiða til að styðja viðkomandi nemanda/starfsmann eins og hægt er til dæmis við að koma aftur til náms eða starfs eftir langvarandi veikindi eða slys.
- Skólustjóri er í sambandi við fjölskyldu nemanda og fylgist þannig með líðan og horfum og greinir starfsfólki frá því.

Alvarleg slys nemenda/starfsmanna á skólatíma

- Hringja í 112 og gefa upp staðsetningu og eðli vandans. Jafnframt að hlúa að þeim slasaða og veita fyrstu hjálp með leiðbeiningu frá 112 neyðarlínu. Sá sem næstur er gerir það.
- Fjarlægja aðra nemendur af slysstað.
- Starfsmaður fer með sjúkrabíl og bíður með hinum slasaða uns aðstandendur koma á staðinn.
- Ef um lífshættulegt slys eða meðvitundarleysi er að ræða skal biðja starfsmann heilsugæslu að tilkynna slysið til aðstandenda.
- Ef um alvarlegt slys er að ræða sem er þó ekki lífshættulegt hringir starfsmaður skóla í aðstandendur og veitir þeim upplýsingar.
- Ef um bak eða höfuðáverka er að ræða hjá starfsmanni skal alltaf láta maka/aðstandenda vita af slysinu þó ekki sé farið á heilsugæslustöð.
- Ef um alvarlegt slys er að ræða í vettvangsferð bekkjar gildir það sama og í grein 1-3, en einnig er hringt í starfsmenn skóla og þeir beðnir að taka við hópi nemenda
- Áfallaráð er kallað saman.
- Nemendum sem verða vitni að alvarlegu slysi er veitt áfallahjálp og forráðamönnum þeirra greint frá málinu samdægurs.

ÁFALLAÁÆTLUN

- Starfsmönnum sem verða vitni að alvarlegu slysi sé boðin áfallahjálp.
- Áfallaráð óskar eftir ráðleggingum skólahjúkrunarfræðings eða prests við áfallahjálp og sálgæslu nemenda eftir atvikið.
- Áfallaráð skrifar slysaskýrslu. Atvik er tilkynnt til Vinnueftirlits sé um starfsmann að ræða.
- Áfallaráð heldur fund þar sem atburður og viðbrögð eru metin til þess að læra af þeim.
- Nemendum er greint formlega frá slysinu og þeir upplýstir um líðan viðkomandi á uppbyggjandi hátt til að minnka streitu.
- Foreldrum og forráðamönnum er greint frá atburðinum með bréfi.

Andlát nemanda/starfsmanns á skólatíma

- Áfallaráð er kallað saman.
- Viðeigandi aðilar eru kallaðir til læknir, lögregla, prestur sem sjá um að aðstandendur fái réttar upplýsingar um málið áður en fjölmiðlar fjalla um það.
- Sýni fjölmiðlar málinu áhuga skal vísa á skólastjóra. Enginn annar svarar fjölmiðlum.
- Áfallaráð gætir þess að náin skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf í skólanum fái fréttina áður en öðrum er tilkynnt um andlátíð.
- Starfsfólki skólans sé tilkynnt um andlátíð eins fljótt og unnt er og réttar upplýsingar gefnar um tildrög.
- Sé um sjálfsvíg að ræða skal hafa samband við fjölskyldu hins látna um upplýsingar sem gefnar eru þegar andlátíð er tilkynnt skólasamfélaginu.
- Umsjónarkennari tilkynni andlátíð í sínum bekk ef um nemanda er að ræða. Ef um starfsmann skóla er að ræða sé nemendum viðkomandi kennara tilkynnt andlátíð sérstaklega. Ef umsjónarkennarar og/eða fulltrúar áfallaráðs treysta sér ekki til að greina einir frá atburðinum, geta þeir kallað til annan fulltrúa úr áfallaráði eða sálgæsluaðila til að vera viðstaddir.
- Bréf skólastjóra til foreldra og forráðamanna í skólanum er sent og þess gætt að fara fram á það að efni bréfsins fari ekki út á samfélagsmiðla.
- Fylgst sé vel með nemendum, umsjónarkennarar séu með sínum bekk og hugi vel að þeim, líka í frímínútum. Börnum sé gefinn tími til að spyrja spurninga og sýna viðbrögð. Starfsmenn og/eða sálgæsluaðilar sem kallaðir eru til geta haft kyrrðarstund með nemendum og rætt atburðinn.
- Reynt sé að halda uppi eins eðlilegu skólastarfi og hægt er.
- Skólinn sendi viðkomandi fjölskyldu samúðarkveðju og blóm fyrir hönd kennara og starfsfólks.
- Skólastjóri ásamt umsjónarkennara og fulltrúa úr áfallaráði fari í útförina sem fulltrúar skólasamfélagsins.
- Nemendur fái aðstoð við að skrifa minningargrein óski þeir þess. Einnig geta þeir sent samúðarkveðju til aðstandenda.
- Nemendur kunna að vilja fara til jarðarfaraþingarinnar. Í slíkum tilvikum er rétt að fá prest til þess að fræða nemendur um útförina og búa þá undir stundina. Einnig er mögulegt og jafnvel æskilegra að prestur eigi sérstaka helgistund með nemendum við kistu í kirkjunni á undan athöfninni sjálfri. Gott er að minnast þess að jarðarför er erfið reynsla fyrir vini og samnemendur og oft fyrsta upplifun af því tagi.

ÁFALLAÁÆTLUN

- Áfallaráð sé leiðandi í skipulagi þeirrar stuðningsvinnu sem fer í gang í kjölfar andlátsins.
- Sé um sjálfsvíg nemanda að ræða skal fara í vel undirbúið forvarnar og stuðningsstarf með vinum og bekkjarsystkinum hins látna sem fyrst. Áfallaráð skipuleggur hvernig staðið sé að því.

Stórslys/náttúruhamfarir

- Skólastjóri aflar upplýsinga hjá viðeigandi stofnun um það á hvern hátt atburðurinn tengist skólanum og hvaða almennu varúðarráðstafanir séu í gildi fyrir skólann.
- Áfallaráð er kallað saman til fundar og greint frá viðbragðsáætlun skóla.

Eftirfylgd

Nemendur

Eftir áfall er áframhaldandi stuðningur er nauðsynlegur. Starfsfólk þarf að búa sig undir að nemendur vilji ræða um það sem skeði og sýni merki streitu og kvíða. Mikilvægt er að nemendur geti tjáð tilfinningar sínar og hafi aðgang að sálgæslu utanaðkomandi aðila sé þess óskað.

Starfsfólk

Starfsfólk þarf að gæta að eigin líðan. Mikið álag fylgir því ferli sem fer í gang við áfall og það gæti stutt starfsfólk að halda stuttan fund í lok dags til að ræða málin og það ferli sem er í gangi eftir áfall. Huga þarf að sálgæslu starfsfólks og einhver slíkur stuðningur þarf að vera í boði. Einnig þarf að skrá niður og ræða áfallið og viðbrögð við því til að læra af því. Áfallaráð heldur utan um þann stuðning.

Áfallaáætlun yfirfarin og endurskoðuð

Áfallaáætlun skal yfirfarin af áfallaráði í kjölfar alvarlegs áfalls. Verkferlar eru þá yfirfarnir og athugað hvort einhverju þarf að breyta. Áfallaáætlun er endurskoðuð og uppfærð árlega á starfsdögum í júní.